

## Efni: Ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022



Til þess sem málið varðar.

Eftirfarandi er ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda frá því fyrr í dag. Vinsamlegast komið henni á framfæri við sveitarstjórnina.

*„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2022.*

*Samkvæmt nýbirtu fasteignamati er hækkun mats atvinnuhúsnæðis 6,2% á landinu öllu; um 5,4% á höfuðborgarsvæðinu en um 8% á landsbyggðinni. Að óbreyttu þýðir þetta samsvarandi skattahækkun á fyrirtækin. FA bendir á að frá því að núverandi tekjumatsaðferð var tekin upp við útreikning fasteignamats atvinnuhúsnæðis fyrir árið 2015 og til ársins 2020 hefur álagður fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði á landinu hækkað úr tæplega 17 milljörðum króna í um 28,5 milljarða. Skattbyrði fyrirtækjanna hefur á þessum skamma tíma þyngst um 11,5 milljarða eða tæplega 68%, þrátt fyrir lækkanir einstaka sveitarfélaga á skattprósentu.*

*Við svo búið verður ekki unað lengur. Áframhaldandi þynging á skattbyrði fyrirtækjanna vegna húsnæðis dregur mátt úr atvinnulífinu, seinkar efnahagsbatanum eftir heimsfaraldurinn og skerðir getu fyrirtækjanna til að standa undir launagreiðslum sem um var samið í lífsskjarasamningunum og eru grundvöllur útsvarstekna sveitarfélaganna.*

*Stjórn FA telur að hér verði hvert og eitt sveitarfélag að sýna ábyrgð og gera breytingar á sinni álagningarprósentu þannig að hækkanir á fasteignasköttum skaði ekki atvinnulífið í landinu meira en orðið er. FA skorar jafnframt á sveitarfélögin að taka upp viðræður hið fyrsta við ríkisvaldið um*

*breytingar á þessu fráleita kerfi þar sem skattgreiðslur af húsnæði eru beintengdar við þróun fasteignamats og taka þannig sjálfkrafa hækkunum, án nokkurs tillits til gengis atvinnulífsins að öðru leyti.“*

Kveðja,

**Ólafur Stephensen**

Framkvæmdastjóri/Secretary General

Félag atvinnurekenda  
The Icelandic Federation of Trade

Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7,  
103 Reykjavík,

Sími | Phone: +354 588 8910  
Farsími | Mobile: +354 669 1218  
[olafur@atvinnurekendir.is](mailto:olafur@atvinnurekendir.is)  
[www.atvinnurekendir.is](http://www.atvinnurekendir.is)

